

21

30. jan.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 102 23. júní 1936, um landssmiðju.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. grein laganna orðist þannig:

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast lán, er landssmiðjan tekur, allt að 1000000.00 króna.

2. gr.

2. málsg. 7. gr. laganna orðist svo:

Landssmiðjan greiðir tekjuskatt eftir sömu reglum og hlutafélög og reiknast fé á höfuðstólsreikningi sem væri það hlutafé.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 30. janúar 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Áki Jakobsson.

22

30. jan.

L Ö G

um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Engum er heimilt að hafa með höndum fólksflutninga með bifreiðum, sem stærri séu en svo, að þær rúmi sex farþega, nema hann hafi til þess sérleyfi frá ríkisstjórninni. Slíkt sérleyfi þarf og til þess að hafa á hendi fastar ferðir eða áætlunarferðir til fólksflutninga með bifreiðum, er rúma sex farþega eða færri. Nú verður ágreiningur um, hvað skuli telja fastar ferðir eða áætlunarferðir, og sker þá ráðherra úr.

Ráðuneytinu er heimilt að taka í sínar hendur að nokkru eða öllu leyti pósti- og farþegaflutning með eigin bifreiðum á þeim leiðum, er því þykir henta, enda fullnægi bifreiðar þess settum reglum fyrir sérleyfishafa.

Sérleyfi þarf ekki til fólksflutninga endrum og sinnum með bifreiðum, sem skráðar eru til vöruflutninga, enda sé umbúnaður þeirra til öryggis og þæginda farþegum samkvæmt reglum, er ráðherra setur, og hafi bifreiðarstjóri þeirra rétt til að stýra leigubifreið til fólksflutninga.

Ráðherra getur undanþegið frá sérleyfissskyldu á vissum leiðum vörubifreiðar, 22
er flytja að staðaldri framleiðsluvörur bænda, en rúma auk þess allt að átta far- 30. jan.
þegum, enda fullnægi þær að öðru leyti settum reglum fyrir fólksflutningum.
Undanþágan skal veitt til ákveðins tíma í senn. Enn fremur er ráðherra heimilt
að undanskilja sérleyfi fólksflutningsferðir endrum og sinnum á héraðsmót, fjöl-
sóttar skemmtanir, hópferðir og því um líkt.

Sýslu- eða sveitarfélög skulu að öðru jöfnu hafa forgangsrétt til sérleyfa,
þegar þau eru veitt á viðkomandi svæðum og þessir aðilar sækja um þau.

2. gr.

Til þess að gera tillögur til ráðuneytisins um fyrirkomulag og rekstur allan á
flutningum samkvæmt lögum þessum skal vera fimm manna nefnd. Ráðherra skipar
nefndina þannig: Einn að fengnum tillögum Alþýðusambands Íslands, annan að
fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands og tvo að fengnu álitum sérleyfishafa.
Fimmta nefndarmanninn skipar ráðherra án íhlutunar, og er hann formaður.

Nefndin skal skipuð til þriggja almanaksára í senn, enda falli starfs-
tími hennar að mestu saman við sérleyfistímabilið, sbr. a-lið 3. gr. Þóknun fyrir
störf nefndarinnar ákveður ráðherra, og greiðast þau af sérleyfisgjaldinu.

3. gr.

Nú sækir félag eða einstaklingur um sérleyfi til fólksflutninga á einhverri
leið, og er ráðherra þá heimilt að veita það með þeim skilyrðum, er hér segir:

- a. Að sérleyfið gildi fyrir þrjú ár og sé óframseljanlegt.
- b. Að sérleyfið gildi fyrir ákveðna tölu bifreiða á tilteknum leiðum, þó þannig,
að flutningaþörfinni sé fullnægt.

Binda má sérleyfi við ákveðnar gerðir bifreiða.

- c. Að sérleyfishafi noti þær tegundir og gerðir bifreiða og fullnægi að öðru
leyti skilyrðum, er ráðherra setur í reglugerð um búnað bifreiða til öryggis
og þæginda farþegum.
- d. Að sérleyfishafi skuli skuldbundinn til þess að láta bifreiðar sínar vera í
förum samkvæmt áætlunum og reglum og flutningagjaldskrá, er ráðherra
setur.
- e. Að sérleyfishafi sé skyldur að flytja ákveðið magn pósthutnings ókeypis
eftir reglum, er ráðherra setur að fengnum tillögum pósthutnarinnar.
- f. Að bifreiðarstjórnar á bifreiðum, er lög þessi ná til, fullnægi skilyrðum, er ráð-
herra setur í reglugerð um æfingu við akstur o. fl. til öryggis farþegum.

4. gr.

Ráðuneytinu er heimilt að taka í sínar hendur afgreiðslu sérleyfisbifreiða
og bifreiða með undanþágu gegn afgreiðslugjaldi, er það ákveður.

5. gr.

Sérleyfi til fólksflutninga með strætisvögnum í kaupstöðum skal veitt að
fengnum tillögum hlutaðeigandi bæjarstjórnar.

Nú ákveður bæjarstjórn, að bærinn taki í sínar hendur rekstur strætisvagna
innan lögsagnarumdæmisins, sem áður hefur verið veitt sérleyfi til, og er þá
skylt að veita bæjarstjórn einkaleyfi til þess, þegar tímabil sérleyfishafa er út-
runnið, enda hafi bæjarstjórn sótt um það eigi síðar en þrem mánuðum áður en
sérleyfið fellur úr gildi.

6. gr.

Sérleyfis- og undanþáguhafar skulu greiða sérleyfisgjald, 7% — sjö af hundr-
aði — af andvirði afhentra farmaða. Gjald þetta greiðist mánaðarlega eftir á. Sér-

- 22 leyfisgjaldinu skal aðallega varið til að greiða kostnað við eftirlit og stjórn fólksflutninga með bifreiðum samkvæmt lögum þessum svo og til byggingar afgreiðslustöðva fyrir sérleyfisbifreiðar, enda komi ríkisstjórn og sveitarstjórnir sér saman um fjárframlög í þessu skyni.

7. gr.

Ráðuneytið getur falið póststjórninni eða annarri stofnun að hafa með höndum yfirumsjón og eftirlit með fólksflutningum í bifreiðum, er sérleyfi og undanþágu þarf fyrir.

8. gr.

Nánari ákvæði um skipulagningu fólksflutninga með bifreiðum setur ráðherra í reglugerð að fengnum tillögum nefndar þeirrar, sem um getur í 2. gr. þessara laga.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, er samkvæmt þeim verða settar, varða sektum frá 100—10000 kr., nema þyngri hegning liggi við eftir öðrum lögum, og skulu mál út af brotum á þeim sæta sömu meðferð og almenn lögreglumál. Brjótí sérleyfishafi á einhvern hátt lög þessi eða reglugerðir, sem settar eru samkvæmt þeim, er auk þess heimilt að svipta hann sérleyfinu þegar í stað.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi númerin lög nr. 62 28. janúar 1935, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum, og lög nr. 36 1. febrúar 1936, um breyting á nefndum lögum, nr. 62 frá 28. janúar 1935.

Gjört á Bessastöðum, 30. janúar 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

23

L Ö G

30. jan.

um heimild fyrir dómsmálaráðherra til þess að veita leyfi til veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar og kappróður.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Dómsmálaráðherra er heimilt að veita hestamannafélögum leyfi til þess að reka veðmálastarfsemi við kappreiðar og sjómannadagsráðum leyfi til þess að reka veðmálastarfsemi við kappróður með skilyrðum, er ákveðin verði í reglugerð.

Áskilja skal í reglugerðinni, að 10% af hagnaði hestamannafélaganna af starfsemi þessari skuli varið til reiðvega og 75% af hagnaði, er verður af kappróðri sjómannadagsráðanna, er fari fram á sjómannadaginn, renni í sjóminjasafn.